

Útgerðarfélagið Eldey bætir við sig:

Keyptu Vött SU og áhöfnin fylgdi með

„Við gengum frá kaupsamningnum um miðjan sunnudag og fáum hann afhentan um helgina. Þetta er gott skip og við erum ánægðir með kaupin“ sagði Bragi Ragnarsson, framkvæmdastjóri útgerðarfélagins Eldeyjar hf. á Suðurnesjum í samtali við Tímann í gær, en eins og kemur fram í máli Braga, keypti félagið nýtt skip í gær, Vött SU.

Vöttur frá Eskifirði er tuttugu ára gamalt skip, smíðað í Noregi og var í eign útgerðarfélagins Þórs hf. Skipið er mikið endurnýjað, yfirbyggt fyrir tveimur árum og eru öll tæki í því ný. Þá fylgir línubeitingarvél skipinu.

Kaupverð skipsins var samtals 80

milljónir, þar af 10 milljónir í alls kyns útbúnaði.

„Áhöfnin fylgir með, þó við höfum nú ekki keypt hana eins og skipið. Hún er enda vel þjálfuð og skipið veiddi vel á síðustu vertíð“ sagði Bragi og lýsti ánægju sinni með skipið.

Þá hefur útgerðarfélagið Eldey gert tilboð í Eini HF, en því tilboði hefur ekki verið svarað enn.

Eldeyjar-Boði er nú að veiðum í Kolluál, vestan við Snæfellsnes og er hann væntanlegur með sinn fyrsta farm á markaðinn í dag. Áætlaður afl hans er milli 10 og 12 tonn.

Nú hafa um 90 milljónir króna safnast í hlutafélagið, en til stendur

að safna 150 milljónum, fyrir 11. maí næstkomandi.

„Það berst inn hlutafé á hverjum degi. Við fáum úr þjónustugreinum í sjávarútvegi og alls staðar frá. Við erum mjög bjartsýnir“ sagði Bragi.

Vöttur verður gerður út 5-6 daga í einu og heldur út á sunnudag.

— SÓL

Leitað að jeppum:

Eldsneytislaus við Hlöðufell

Pyrla Landhelgisgæslunnar, TF-SIF, var í gærmorgun kölluð út til að leita að tveimur jeppum, sem farið höfðu á sunnudag frá Selfossi.

Þegar jeppamennirnir höfðu ekki látið í sér heyrta aðfaranótt mánu dags, var haft samband við lögregluna á Selfossi og hún hafði síðan samband við Landhelgisgæsluna.

Jepparnir tveir fundust síðan rétt eftir hádegi í gær við Hlöðufell og reyndist annar jeppinn þá hafa orðið bensínlaus. Þá höfðu tveir aðrir jeppar komið í heimsókn og voru því orðnir fjórir. Ökumennirnir voru allir heilir á húfi og brutust til Laugarvatns í gær.

— SÓL



Vigdís Finnbogadóttir og Ronald Reagan við Hvíta húsið Tímamynd: G.T.K.

Vigdís hittir Reagan

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fer til Bandaríkjanna 23. janúar n.k., og mun m.a. hitta Bandaríkjaforseta, Ronald Reagan, í Hvíta húsinu 26. janúar.

Í Bandaríkjaferð sinni mun forseti opna, fyrir hönd Norðurlanda, listiðnaðarsýningu í American Craft Museum í New York 27. þ.m. Sýningin er haldin á vegum norrænu ráðherranefndarinnar og eru þar sýnd verk 35 listamanna frá öllum Norðurlöndum. Frá Íslandi verða á sýningunni verk Ásgerðar Búadóttur, Guðnýjar Magnúsdóttur, Jens Guðjónssonar, Jónínu Guðnadóttur, Leifs Breiðfjörð, Rögnu Róbertsdóttur og Steinunnar Þórarinsdóttur.


Kornelíus Sigmundsson, forsetaritari, verður í fylgd með forseta Íslands.

óph

Frímann Jónasson látinn

Frímann Á. Jónasson frá Fremri-Kotum í Skagafirði lést að morgni 16. janúar sl. á Landakotsspítalanum í Reykjavík.

Frímann var skólastjóri á Strönd á Rangárvöllum 1933-49, en í Kópavogi 1949-1964. Hann samdi nokkrar barna- og kennslubækur og starfaði að ýmsum félagsmálum um langt árabil. Hann var heiðursfélagi í Norræna félaginu í Kópavogi, Rotaryklúbbi Kópavogs og Sambandi íslenskra barnakennara. Eiginkona Frímans var Málfríður Björnsdóttir frá Innsta Vogu á Akranesi.



Fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar

Fundir stjórnarandstöðunnar með borgarbúum



1. **Þriðjudag 19. jan.:** Veitingahúsið Ártún, Vagnhöfða 11, kl. 20.30 fyrir íbúa Grafarvogs.
2. **Miðvikudag 20. jan.:** Gerðuberg kl. 20.30 fyrir íbúa Breiðholts.
3. **Fimmtudag 21. jan.:** Hótel Lind, Rauðarárstíg kl. 20.30 fyrir íbúa Austurbæjar innan Snorrabrautar, Fossvogsdals og Suðurlhlíðar/Skógarhlíðar.

4. **Laugardag 23. jan.:** Ársel kl. 13.00 fyrir íbúa Seláss, Árbæjar og Ártúnsholts.
5. **Laugardag 23. jan.:** Glæsibær (kaffitería) kl. 16.00 fyrir íbúa Austurbæjar innan Sætúns, Elliðavogar, Suðurlandsbrautar/Laugavegar.
6. **Mánudag 25. janúar:** Hótel Borg kl. 20.30 fyrir íbúa Þingholta, Miðbæjar og Vesturbæjar sunnan og norðan Hringbrautar.

Reykvíkingar eru hvattir til þess að mæta og koma skoðunum sínum og óskum á framfæri.

Borgarfulltrúar stjórnarandstöðunnar taka við ábendingum og veita upplýsingar.